



## Veruleg aukning á fjárfestingum ríkissjóðs í ár í sérstöku átaki

### Alþingi samþykkir aukin útgjöld ríkissjóðs

Alþingi hefur samþykkt tillögu til þingsályktunar um sérstakt, tímabundið fjárfestingaráttak í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem ætlað er að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19. Samhliða því voru samþykkt fjáraukalög þar sem heimild er veitt til þess að auka útgjöld ríkissjóðs um 25,6 ma.kr. í ár. Síðustu fjárlög voru samþykkt með tæplega 10 ma.kr. halla. Það er hins vegar fyrirsjáanlegt að halli ríkissjóðs verði mun meiri á árinu og að betur megi ef duga skal.

Í fjáraukalögunum voru einnig gefnar heimildir til frestunar á greiðslu opinberra gjalda og til að veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs sem nemi 50–70% höfuðstóls viðbótarlána þeirra til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldursins. Þá var einnig heimilað að auka lántökur úr 45 mö.kr. upp í 140 ma.kr. og að auka hlutfé í opinberum fyrirtækjum um 8 ma.kr. til að auka fjárfestingagetu þeirra.

### Stórauknar framkvæmdir á vegum ríkissjóðs

Við framlagningu tillögu um fjárfestingaráttak voru lögð til verkefni upp á 15 ma. kr., en við vinnslu málsins kom fram breytingartillaga frá meirihluta fjárlaganefndar um að auka framlög til fjárfestinga upp í tæpa 18 ma.kr., sem var samþykkt.


Skilyrði til að hægt sé að veita framlög til verkefna er að þau hefjist eigi síðar en 1. september 2020 og sé að fullu lokið eigi síðar en 1. apríl 2021.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni um fjárfestingaráttakið er getið um að stærri tillögur, sem taki til árána 2021–2023, séu í undirbúningi.


### Sveitarfélögin þrýsta á

Þá hefur einnig komið fram að sveitarfélögin vilji fá endurgreiddan virðisaukaskatt af framkvæmdum sem þau hyggjast ráðast í til að bæta stöðu atvinnulífsins. Markmið sveitarfélaganna er að flýta


Ferill tekjujafnaðar ríkissjóðs



Áætluð afkoma ríkissjóðs í ár eftir samþykkt fjáraukalaga



Opinber fjárfesting á verðlagi hvers árs





framkvæmdum fyrir 15 ma.kr. í þessu sambandi. Fram hefur komið að sett hafi verið markmið um 15 ma.kr. flýtiframkvæmdir sem virðast ætla að ganga eftir.

### Samgöngumál í forgangi

Ákvarðanir af þessu tagi eiga sér væntanlega ekki hliðstæðu en til þeirra er gripið með hraði nú við þær sérstöku og alvarlegu aðstæður sem ríkja í efnahagslífinu.

Sé litið á tillögu meirihluta fjárlaganefndar um 18 ma. kr. viðbót við það sem þegar hafði verið ákveðið um fjárfestingar ríkissjóðs sést að samgöngumálin eru í forgangi. Lagt er til að 36% viðbótarinnar fari til samgöngumannvirkja. Lagt er til að um 11% fari til annarra innviðaf framkvæmda þannig að tæpur helmingur viðbótarinnar fer til beinna innviðaf framkvæmda.

Það kemur svo sem ekki á óvart að samgöngumál séu í forgangi. Þörfin er augljós en þar að auki er jafnan fjöldi samgönguverkefna í undirbúningi og því tiltölulega auðvelt að hraða verkefnum af því tagi.


### Hversu stór er viðbótin?

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri þjóðhagsreikninga var opinber fjárfesting um 102 ma.kr. á árinu 2019 og hafði dregist saman um tæpa 6 ma.kr. frá fyrra ári. Tölur um fjárfestingar hins opinbera 2018 voru hærri en ella vegna yfirfærslu Hvalfjarðarganganna til Ríkissjóðs, en þau voru metin á u.þ.b. 10 ma. kr.

Fjárfesting ríkissjóðs var um 62 ma.kr. á árinu 2019. Í gildandi fjárlögum er gert ráð fyrir u.þ.b. 74 ma.kr. framlögum til fjárfestinga á árinu 2020. Viðbótin frá síðasta ári var þegar orðin töluverð. Nú er því verið að ræða um rúmlega 90 ma.kr. viðbót við fjárfestingar ríkissjóðs á síðasta ári auk mögulegra fjárfestinga ríkisfyrirtækja. Viðbótin við fjárfestingar miðað við síðasta ár er því veruleg, eða aukning um rúmlega helming miðað við stöðuna í dag.


Fjárfestingar sveitarfélaganna í fyrra voru um 43 ma.kr. þannig að 15 ma.kr. flýting myndi nema u.þ.b. þriðjungi af umfangi fjárfestinga á árinu 2019.

### Innbyrðis skipting verkefna í fjárfestingarátaki



Heimild: Alþingi

### Opinber fjárfesting á verðlagi ársins



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans  
Leiðrétt hefur verið fyrir fyrirtöku Hvalfjarðarganga 2018



## **Opinber fjárfesting á réttum tíma**

Almennt má segja að ríkissjóður leitist við að ná tveimur efnahagslegum markmiðum með því að auka fjárfestingar sínar. Í fyrsta lagi að styðja við eftirspurn á erfiðum tímum með framkvæmdum og horfa þá til þess að nýta innlenda framleiðsluþætti í sem mestum mæli, sérstaklega mannafla. Í öðru lagi er ávallt horft til þess að reyna að stuðla að aukinni framleiðni með áherslu á efnahagslega arðbær verkefni þannig að samkeppnishæfi hagkerfisins aukist.

Tímapunkturinn fyrir aðgerðir af þessu tagi er augljós. Oft var þörf en nú er hrein nauðsyn fyrir opinbera aðila, og þá einkum ríkissjóð, að láta hressilega til sín taka.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.